

Nd.

338. Breytingartillögur

[54. mál]

við frv. til lyfsölulaga.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 7. gr. 1. málsg. orðist svo:

Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsöluleyfi) má veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, samvinnufélögum, svo og Háskóla Íslands. Leyfshafa er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna, svo sem þau eru á hverjum tíma, um réttarstöðu hans og starfshætti, þ. á m. um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða.

2. Við 9. gr.

- a. Næstsiðasta málsg. greinarinnar orðist svo:

Forstöðumaður félagsrekinna lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. málsgreinar (tölul. 1—6), og ber að auglýsa stöðu hans samkv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðherra samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn samkv. 3. málsg. 7. gr.

- b. Síðasta málsg. greinarinnar orðist svo:

Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvirkusemi og í samræmi við landslög. Gildir þetta einnig um forstöðumann lyfjabúðar, sem rekin er af sveitarfélagi, sjúkrasamlagi, samvinnufélagi eða af Háskóla Íslands, svo og um forstöðumann lyfjaútibús, sbr. 43. gr., og um forstöðumann lyfjagerðar, sbr. 13. gr. Ráðherra ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar eða heitstafs.

3. 17.—19. gr. (IV. kafli, Vinnudeilur og kjarasamningar) falli niður.